

Formáli ritstjóra

Fyrri hefti ársins 2018 birtist hér í opnum aðgangi, líkt og verið hefur síðustu fjögur ár. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel að mínu mati, enda mögulegur lesendahópur mun stærri fyrir vikið. Að þessu sinni má finna fjórar greinar í *Ritröðinni*, ásamt einum ritdómi.

Arnfríður Guðmundsdóttir fjallar um þá ógn sem stendur af vaxandi umhverfisvanda heimsins og setur það umfjöllunarefni í samhengi við 500 ára afmæli siðbótar Marteins Lúthers. Arnfríður kallar eftir breyttu hugarfari í þessu sambandi, nýrri siðbót, sem og nýrri siðbótarguðfræði, en að hennar mati má nýta hugtök eins og synd, iðrun og hjálpræði til að tala inn í þennan veruleika. Þessu til áréttingar tekur hún fyrir tvo guðfræðinga sem hafa verið í fararbroddi í umræðunni um umhverfisvandann, Frans páfa og Sallie McFague, en þau hafa kallað eftir róttækri hugarfarsbreytingu í þessum efnum, nýrri „siðbót“.

Í síðari grein sinni um sr. Pál Sigurðsson (1839–1887) — fyrri greinin birtist í síðasta hefti *Ritradarinnar* — kannar Hjalti Hugason hvort mögulegt sé að líta á guðfræði Páls sem „kontextúal“ guðfræði. Í fyrri grein sinni færði Hjalti rök fyrir því að líta beri á Pál sem einn fyrsta fulltrúa frjálslyndrar guðfræði á Íslandi. Í þessari grein leiðir Hjalti í ljós hversu mikið höfnun Páls á allri tvíhyggju einkenndi guðfræði hans en að því leyti greindi hann sig töluvert frá hefðbundinni vestrænni guðfræði og ríkjandi „móðernískri“ hugsun. Hjalti sýnir fram á að vert sé að skoða guðfræði Páls sem „kontextúal“ guðfræði, þ.e.a.s. guðfræði sem mótast af ríkjandi aðstæðum á hverjum stað og tíma og leitast við að greina og gagnrýna þessar aðstæður í ljósi kristinnar trúar, enda þótt slík guðfræði hafi ekki orðið áberandi fyrr en á síðari hluta 20. aldar.

Jón Yngvi Jóhannsson skrifar um hið þekktu rit Halldórs Laxness, *Sölku Völku*, sem kom út í tveimur bindum árin 1931 og 1932. Að mati Jóns Yngva hafa fræðimenn gefið trúarlegum áherslum *Sölku Völku* of lítinn gaum. Í grein sinni færir Jón Yngvi rök fyrir því að bygging *Sölku Völku* gangi að miklu leyti út frá fyrirmynd úr kristinni týpólógískri hefð, þ.e.a.s. hefð þar sem gengið er út frá því að persónur og atburðir í Gamla testamentinu séu „týpur“ sem bera í sér táknræna merkingu og fyrirheit sem síðan rætast í „antitýpum“ sem birtast í Nýja testamentinu, og að bindin tvö endurspegli hvort annað í samræmi við tvö ritsöfn Biblíunnar, Gamla og Nýja testamentið. Að þessu leyti nýtir Halldór kristnar hefðir við samningu sögunnar en greining á henni leiðir einnig í ljós ýmis kristin tákn sem höfundurinn sækir í sama brunn.

Sólveig Anna Bóasdóttir fjallar um guðfræðilega túlkun Ivone Gebara á hugtökunum „illsku“ og „frelsun“. Gebara (f. 1944) er brasilísk nunna og einn fremsti guðfræðingur samtímans í Suður-Ameríku. Í þessu samhengi horfir Gebara einkum til lífs og aðstæðna fátækra kvenna í álfunni. Hún samsinnir hinni fornu kristnu hefð um að illskan blasi hvarvetna við en hún hafnar þeirri algengu túlkun að illskan sé reist á rangri notkun á frelsi manna, í ljósi þess að slíkt eigi ekki við um konur, sem ekki hafa notið fulls frelsis í aldanna rás. Vald og yfirráð eru nátengd illskunni og saman birtast þau sem synd, þjáning, óréttlæti og kúgun. Sólveig Anna lýsir einu mikilvægasta framlagi Gebara til umræðunnar um illskuna en það felst í þeim tengsla- og skyldleikaskilningi að allt líf sé samtengt og innbyrðis háð.

Að endingu skrifar Gunnlaugur A. Jónsson ritdóm um bókina *Í helgum steini* eftir Karl Sigurbjörnsson, sem kom út fyrir á þessu ári.

Ánægjulegan lestur!

Rúnar M. Þorsteinsson